



Forsætisnefnd

Reykjavík, 11. desember 2024

MSS22040246

Starfshópur um alþjóðamál

Hjálagt erindisbréf starfshóps um alþjóðamál er hér með lagt fram til kynningar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt: Erindisbréf starfshóps um alþjóðamál.



Reykjavík



Reykjavík, 11. desember 2024

MSS22040246

ERINDISBRÉF

Starfshóps um alþjóðamál Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður:

Borgarritari.

Inngangur:

Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030 var samþykkt í borgarstjórn 20. apríl 2021. Á meðal aðgerða stefnunnar er skipan þverlægs starfshóps um alþjóðamál með fulltrúum fag- og kjarnasviða og miðlægra skrifstofa. Starfshópur borgarritara var skipaður með erindisbréfi dags. 23. maí 2022 og kynntur í borgarráði 25. maí 2022. Hópurinn var skipaður til ársloka 2023 og vann að þeim verkefnum sem fyrir hann var lagt í erindisbréfinu. Erindi hópsins er nú endurnýjað með þessu bréfi.

Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að taka þátt í innleiðingu alþjóðastefnu og stuðla að samhæfðu og markvissu starfi í alþjóðamálum þvert á borgarkerfið. Einnig að skapa yfirsýn og efla miðlun upplýsinga í málaflokknum og stuðla þannig að nýtingu og yfirfærslu þekkingar.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að vera vettvangur fyrir miðlun upplýsinga og samráð um hvernig svið og skrifstofur í borgarkerfinu innleiða alþjóðastefnuna í sinni starfsemi.
- Að skapa og viðhalda yfirsýn um þátttöku í marghliða samstarfi (þ.m.t. yfirliti um aðildir að samtökum, samninga og skuldbindingar) og miðla efni og upplýsingum um það til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings:
 - a) Evrópusamstarf, s.s. Eurocities, Evrópusambandið og EES (m.a. styrkjaáætlanir), Uppbyggingarsjóður EES (EEA/Norwegian Grants), Sveitarstjórnarvettvangur EFTA og Evrópuráðið.
 - b) Norrænt samstarf, s.s. Nordic Safe Cities, Norræn höfuðborgaráðstefna, ýmsir samráðsfundir og Vestnorræni höfuðborgasjóðurinn.
 - c) Annað samstarf, s.s. OECD, Sameinuðu þjóðirnar, Bloomberg-Harvard, ICLEI.



Reykjavík



- Að skapa og viðhalda yfirsýn um alþjóðlega samanburðarmælikvarða og gagnabanka sem gætu nýst Reykjavíkurborg. Hópurinn miðli upplýsingum um þá innan borgarinnar og geri tillögur eins og við á.
- Að styðja við sókn í alþjóðleg rannsókn- og nýsköpunarverkefni með því að vakta tækifæri, miðla upplýsingum um áhuga sviða og skrifstofa á verkefnum og vera til ráðgjafar og samráðs um áætlanagerð og framkvæmd.
- Að styðja við miðlæga mörkun Reykjavíkurborgar á alþjóðavettvangi sem er á ábyrgð atvinnu- og borgarþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
- Að taka þátt í og styðja við aðrar aðgerðir stefnunnar, s.s. um bætt verklag heimsóknna og rafrænt umsóknarferli.
- Að taka þátt í annarri endurskoðun aðgerðaáætlunar alþjóðastefnu sem hefjist ekki seinna en í apríl 2026.

Starfshópin skipa:

- Hilmar Hildar Magnússon (formaður), skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
Kristín Þorleifsdóttir, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
Kamma Thordarson, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara
- Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, fjármála- og áhættustýringarsviði
Auður Gréta Óskarsdóttir, fjármála- og áhættustýringarsviði
- Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
Anna Kristinsdóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
- Markús Heimir Guðmundsson, menningar-, íþrótt- og tómstundasviði
Arnfríður S. Valdimarsdóttir, menningar-, íþrótt- og tómstundasviði
- Elín Blöndal, mannauðs- og starfsumhverfissviði
Anna Margrét Björnsdóttir, mannauðs- og starfsumhverfissviði
- Ívar Vincent Smáráson, skrifstofu borgarstjórnar
Eiríkur Búi Halldórsson, skrifstofu borgarstjórnar
- Hjörtur Ágústsson, skóla- og frístundasviði
Þorbjörg Arna S. Jónasdóttir, skóla- og frístundasviði
- Hrönn Hrafnisdóttir, umhverfis- og skipulagssviði
Ásdís Karen Waltersdóttir, umhverfis- og skipulagssviði





- Edda Ólafsdóttir, velferðarsviði
Hildur Hrönn Oddsdóttir, velferðarsviði
- Eva Pandora Baldursdóttir, þjónustu- og nýsköpunarsviði
Edda Jónsdóttir, þjónustu- og nýsköpunarsviði

Verkefnisstjóri starfshópsins:

Formaður.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins. Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Hópurinn er skipaður til loka kjörtímabils eða maí/júní 2026 og skili þá skýrslu um störf sín með tillögum að þarmetnum tillögum fyrir lok [mán/ár].

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjálagt: Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030.

Alþjóðastefna Reykjavíkur til 2030: Skýrsla um stöðu innleiðingar í desember 2024 ásamt tillögu um aðgerðaáætlun 2025 til 2026.